

65. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 24. nóvember 2015. Fundargerð.

Mætt voru: Perla Fanndal, Hjalti Jóhannesson, Ingimar Tryggvason, Jón Ingi Cæsarsson og undirritaður.

1. Aðkoma Strætó við Hof rædd. Rútunum er lagt þannig að farangurshólf opnast út á Strandgötu og skapar þannig hættu fyrir farþega Strætó og vegfarendur.
2. Rætt um frétt sem birtist á vef Lögreglunnar þar sem Eyrin var tilgreind sérstaklega í frétt um “party” með unglíngadrykkju. Nefndinni þykir þetta nokkuð ámælisvert, ekki er venjan að tilgreina hverfi sérstaklega í svona tilvikum, auk þess sem þetta þykir nokkuð niðrandi um hverfið.
3. Rætt um skipulag Hvannavallareits. Hverfisnefnd leikur forvitni að vita hvar málið er statt, hvort teikningar eða dagsetningar liggi fyrir varðandi byggingar
4. Rætt almennt um umferðar- og skipulagsmál á Oddeyrarsvæðinu og hvort fyrir liggi eitthvað um fjárveitingar til þeirra þjóðvega í þéttbýli sem liggja um hverfið og varða því hagsmuni íbúanna og hverfisins.

Á Kaffi Símsstöðinni, Hafnarstræti 102 , 24. nóv. 2015

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.